Akraneskaupstaður

| Skjal nr. | Mótt af. | Mótt dags. |
| --- | --- | --- |
| 3.11 | GSÓ | 29 JUNI 2016 |
| Ábm. | Úrv. aðili | Málsnr. One |
| RÁ | St.A | 1606136 |


Bæjarráð Akraneskaupstaðar

Akranesi, 28. júní 2016.

Árbók Akurnesinga hefur komið út samfellt frá árinu 2001 og Akraneskaupstaður verið áskrifandi að 40 eintökum ásamt því að auglýsa í árbókinni sem svarar 3 heilsíðum á listaverði auglýsinga í samræmi við samkomulag sem útgefendur árbókarinnar gerðu við Akraneskaupstað og staðfest var af þáverandi bæjarráði.

Nýtt útgáfufélag **mth ehf,** kt. 520115-0640 Vesturgötu 45, Akranesi tók við úrgáfu Árbókar Akurnesinga á síðasta ári og 14. bindi ritraðarinnar kom út í lok júní í ritstjórn Kristjáns Kristjánssonar. Unnið er að því að gera efni úr eldri árbókum aðgengilegt á netinu á nýrri heimasíðu og verður til að byrja með áhersla lögð á að birta æviágrip genginna Skagamanna sem hefur verið fastur þáttur í árbókunum frá upphafi.

MTh útgáfa fer þess á leit að Akraneskaupstaður haldi áfram farsælu samstarfi við útgáfuna með áframhaldandi áskrift og kaupum á auglýsingum í Árbók Akurnesinga 2015 sem gefin verður út í ágúst í sumar.

Fyrir hönd mth ehf,

Margrét Þorvaldsdóttir

Margrét Þorvaldsdóttir